

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald, að lágmarki kr. 5.000, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 7000,
2. fyrir 500 l gám kr. 17.000,
3. fyrir 660 l gám kr. 20.000.

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins í áhaldahúsi.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu greiða fyrir hvert ílát árlegt gjald sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 10.526,
2. fyrir 500 l gám kr. 23.902,
3. fyrir 660 l gám kr. 31.578.

Fyrirtæki sem óska eftir að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins í áhaldahúsi.

Reikningur fyrir þjónustuna er gefinn út í lok árs á grundvelli samnings um þjónustuna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 314. fundi, 6. desember 2000, með vísun til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, og samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ, nr. 589/1998, með síðari breytingu, nr. 886/2000.

Mosfellbæ, 4. janúar 2001.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.